Ár 1973, mánudaginn 29. október, var í málinu nr. 46/1973 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

Ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að árið 1972 var af hálfu Reykjavíkurborgar lagður fasteignaskattur á fasteignina nr. 53 - 55 við Skúlagötu, sem er eign Frímúrarareglunnar á Íslandi. Álagning þessi var hins vegar felld niður með ákvörðun borgarráðs 18. ágúst 1972. Fasteignaskattur var lagður að nýju á umrædda fasteign 1973. Með ákvörðun borgarráðs 13. febrúar 1973 var því síðan hafnað, að umrædd fasteign nyti undanþágu frá fasteignaskatti.

Með bréfi, dags. 31. ágúst 1973, var af hálfu Frímúrarareglunnar óskað eftir úrskurði Yfirfasteignamatsnefndar um, hvort henni væri skylt að svara fasteignaskatti af ofangreindri fasteign. Er því haldið fram í bréfi þessu, að í 5. gr. laga nr. 8/1972, sem fjallar um undanþágur frá fasteignaskatti, séu tvær undantekningar nefndar, sem hvor um sig nái yfir nefnda fasteign, þ.e. félagsheimili og samkomuhús, sem ekki séu rekin í ágóðaskyni. Tekið er fram, að ekki geti farið á milli mála, að hús Frímúrarareglunnar sé samkomuhús. Ekki sé um rekstur í ágóðaskyni að ræða, þar sem engra tekna hafi nokkru sinni verið aflað með notkun hússins og undir byggingu þess og rekstri hafi aldrei verið staðið með öðru en framlögum og gjöldum félagsmanna. Í húsinu sé lítil íbúð fyrir húsvörð, en það sé nauðsynlegt vegna notkunar hússins. Jafnframt því, að húsið sé samkomuhús í skilningi fyrrgreindra ákvæða, verði það einnig að teljast félagsheimili samkv. sömu ákvæðum, þar sem það sé miðstöð og grundvöllur allrar aðalstarfsemi Frímúrarareglunnar. Eru sjónarmið þessi nánar rökstudd í bréfinu.

Til samkomuhúsa í skilningi 5. gr. laga nr. 8/1972 og reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt verða aðeins talin hús, sem standa almenningi opin til að njóta þar fræðslu, lista eða skemmtunar með öðrum hætti. Þar sem umrætt hús fullnægir ekki þessum skilyrðum, kemur aðeins til athugunar, hvort það njóti undanþágu frá fasteignaskatti vegna þess að um félagsheimili sé að ræða í skilningi nefndra ákvæða.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga og 6. gr. reglug. nr. 320/1972 um fasteignaskatt, eru undantekningarákvæði, sem skýra verður þröngt. Til félagsheimila í skilningi nefndra ákvæða, verða þannig aðeins talin samkomuhús, er hafa verið reist og hlotið viðurkenningu með þeim hætti, sem ráð er fyrir gert í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 107/1970 um félagsheimili, sbr. áður 2. og 3. gr. laga nr. 77/1947 ásamt síðari breytingum.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, fullnægir umrædd húseign ekki þessu skilyrði.

Samkvæmt því, sem að ofan greinir, brestur lagaheimild til að undanþiggja umrædda fasteign fasteignaskatti.

## Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Frímúrarareglunni á Íslandi er skylt að svara fasteignaskatti af fasteigninni nr. 53-55 við Skúlagötu í Reykjavík.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson

Pálmi Jónsson

Rétt afrit staðfest.
Reykjavík, 29. október 1973.
YFIRFASTEIGNAMATSNEFND